

Nýr framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð



Menntamálaráðherra skrifaði á mánudag undir samning um nýjan framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Á næstu dögum mun menntamálaráðherra skipa skólanefnd sem kemur til með að vinna að undirbúningi námsframboðs, rekstrarforms og uppbyggingu framhaldsskólans í samvinnu við íbúa, atvinnulíf, grunnskólana á svæðinu og framhaldsskólana á Akureyri. Byggingarnefnd skólans tekur til starfa á næstu dögum. Stefnir er að því að byggja yfir skólann í Ólafsfirði fyrir allt að 120 nemendur.

Samningurinn var undirritaður í Ólafsfirði að viðstöddu fjölmenni og þar á meðal voru 10. bekkingar frá Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði.

Samninginn undirrituðu Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Svanfríður I. Jónasdóttir oddviti Héraðsnefndar Eyjafjarðar og Þórir Kr. Þórisson bæjarstjóri Fjallabyggðar.

Endurskoðun aðalnámskrár - dreifð námskrágerð

Í kjölfar nýrrar löggjafar um leikskóla ([nr. 90/2008](#)), grunnskóla ([nr. 91/2008](#)) og framhaldsskóla ([nr. 92/2008](#)) er hafin endurskoðun aðalnámskrár fyrir þessi skólastig. Vinna við nýja aðalnámskrá er hluti af innleiðingu nýju laganna og í námskránum mun birtast sú nýja menntastefna sem löggjöfin markar. Námskrárvinna beinist fyrst og fremst að endurskoðun á almennum hluta aðalnámskrárna, en þar eru skýrð og útfærð ýmis nýmæli og breytingar á lögunum. Aðalnámskrár skólastiganna þriggja eru nú endurskoðaðar samtímis og gefst þar færi á að stilla saman inntak og framsetningu textans. Með því má líka stuðla að sveigjanlegum skilum milli skólastiga og tryggja aukna samfelli í námsframboði.

Vinna við almennan hluta aðalnámskrár leikskóla og aðalnámskrár grunnskóla er í hefðbundnum farvegi og byggir á mati á gildandi aðalnámskrám og breytingum á menntastefnu. Vinna við aðalnámskrá framhaldsskóla verður hins vegar umfangsmeiri og flóknari þar sem lögin ákvarða gerbreytt verklag við námskrár framhaldsskóla auk nýrrar menntastefnu. Þar er m.a. gert ráð fyrir dreifðri námskrágerð, þar sem skólar og aðrir fræðsluaðilar hafa mun meiri áhrif en áður á skipulag brautarlýsinga. Þá er

skilgreiningu námsreininga breytt og gert ráð fyrir auknu vægi list- og verkgreina í framhaldsskólánámi, sem væntanlega breytir samsetningu námsbrauta í bóknámi, listnámi og starfsnámi. Þetta krefst nýrra sniðmáta fyrir lokapróf í framhaldsskólum, einkum stúdentspróf og próf til löggiltra starfsgreina, s.s. sveinspróf og próf í heilbrigðisgreinum.

Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri, hefur umsjón með þessari endurskoðun, Björg Pétursdóttir, deildarsérfræðingur, stýrir vinnu við aðalnámskrá framhaldsskóla, Ólafur H. Jóhannsson, aðjunkt við HÍ, stýrir vinnu við aðalnámskrá grunnskóla og Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri á Leikskólasviði Reykjavíkur, stýrir vinnu við aðalnámskrá leikskóla.

Haft verður samráð við hagsmunaaðila um þessa endurskoðun og hefur þegar verið leitað til fulltrúa sveitarfélaga og kennarasamtaka. Fréttir af námskrárvinnunni munu birtast á vef ráðuneytisins [nymenntastefna.is](#) Þangað má líka senda fyrirspurnir og athugasemdir.

Nýju lögin gengu í gildi 1. júlí s.l. og eiga að fullu að koma til framkvæmda á skólaárinu 2011-2012. Stefnir er að því að drög að námskránni verði kynnt haustið 2009. Útgáfa nýrra almennra hluta aðalnámskrár er áætluð á árinu 2010.

Fundur menntamálaráðherra með formanni menntamálanefndar Norðurlandaráðs

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra átti fund með [Mogens Jensen](#) formanni [menntamálanefndar Norðurlandaráðs](#) 18. mars 2009. Ástæða fundarins er áhugi Norðurlandaráðs á að efla tengslin við það land sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni en í því hlutverki er Ísland í ár.

Á fundinum voru rædd ýmis málefni í samstarfinu s.s. undirbúningur að norrænu fjárlögunum og aðkomu Norðurlandaráðs að þeirri vinnu. Líflugar umræður urðu um norræna tölvuleikjaverkefnið, menningarkennslu í skólum, eflingu norrænnar málvundar og norrænu tungumálastefnuna, sem menntamálaráðherrar Norðurlanda samþykktu í lok árs 2006, átak í fullorðinsfræðslu, verndun lítilla iðngreina, almenningsútvarp og norræn rannsóknarverkefni.

Mogens Jensen lýsti yfir ánægju Norðurlandaráðs með formennskuáætlun Íslands en rauði þráðurinn í henni er áherslan á samspil menntunar, sköpunarmáttar og frumkvæðis.

Átak í að efla samstarf Svíþjóðar og Íslands

Þann 17. nóvember hittist stjórn [sænsk-íslenska samstarfssjóðsins](#) til að fara yfir umsóknir um annars vegar ferðastyrki og hins vegar styrki úr sérstökum stuðningssjóði. Sænsk-íslenski samstarfssjóðurinn er opinber sjóður sem hefur það að markmiði að stuðla að auknu samstarfi milli Íslands og Svíþjóðar.

Markmið sjóðsins er að auka samvinnu milli landanna auk þess að efla þekkingu á íslenskum og sænskum menningar- og samfélagsmálum. Sjóðurinn úthlutar árlega styrkjum til samstarfsverkefna milli Íslands og Svíþjóðar á sviði menningar-, menntunar og vísindamála.

Samstarfsráðherra Norðurlanda, Cristina Husmark Persson ákvað þann 27. nóvember 2008 að leggja sænsk-íslenska sjóðnum til 400.000 sænskar krónur í átaksverkefni til að efla samstarf á milli Íslands og Svíþjóðar. Var þetta gert til að tryggja núverandi samstarf milli landanna á meðan þjóðarnar ganga í gegnum þá efnahagslægd sem nú ríkir.

Styrkurinn á að nýtast í að efla ferðastyrki milli landa, einkum með áherslu á ungt fólk. Í þetta sinn voru veittir 21 styrkir úr stuðningssjóðnum, alls 200.000 SEK. Þá voru veittir 25 ferðastyrkir, alls 173.000 SEK. Sjóðurinn mun úthluta styrkjum aftur á seinni hluta ársins og er næsti umsóknarfrestur 1. september næst komandi. Umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu norræna félagsins í Svíþjóð [www.norden.se](#)

